

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarð- 173  
ræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir 11. sept.  
frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til  
eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 11. september 1947.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Árni G. Eylands.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sigurbjörns Andrés- 174  
sonar frá Þórisstöðum“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráð- 12. sept.  
herra 12. september 1947.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigurbjörns Andrés-sonar frá Þórisstöðum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sigurbjörns Andrés-sonar frá Þórisstöðum í Gufudalshreppi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Guðrúnu S. Jónasdóttur, Þórisstöðum, til minningar um son hennar, Sigurbjörn Andrés-son.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1000 — eitt þúsund — krónur.

4. gr.

Sjóðurinn gefur út minningarspjöld og leggst fé það, sem kemur inn fyrir þau, við höfuðstólinn, ásamt öðru fé, er sjóðnum kann að áskotnast á annan hátt.

5. gr.

Höfuðstóll sjóðsins ávaxtast í tryggum verðbréfum.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja lómunarveika sjúklinga í Gufudalshreppi. Ættingjar Sigurbjörns gangi fyrir styrk úr sjóðnum.

7. gr.

Þegar höfuðstóllinn er orðinn kr. 5000.00 koma  $\frac{2}{3}$  hlutar vaxtanna til útborgunar, en  $\frac{1}{3}$  leggst við höfuðstólinn, þegar höfuðstóllinn er orðinn kr. 20000.00 koma  $\frac{3}{4}$  vaxtanna til útborgunar, en  $\frac{1}{4}$  leggst við höfuðstólinn, þegar höfuðstóllinn er orðinn kr. 50000.00 greiðast  $\frac{4}{5}$  hlutar vaxtanna út, en  $\frac{1}{5}$  leggst við höfuðstólinn, og þegar höfuðstóllinn er orðinn kr. 100000.00 greiðast  $\frac{9}{10}$  hlutar út, en  $\frac{1}{10}$  leggst við höfuðstólinn, og skal það síðan haldast.

174

11. sept.

Stjórn sjóðsins skipa sóknarprestur Staðarprestakalls og tvö af systkinum Sigurbjörns, meðan þeirra nýtur við, en eftir þeirra dag oddviti Gufudalshrepps og landlæknirinn. Ársreikninga sjóðsins skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Þórisstöðum, 19. júní 1947.

Guðrún S. Jónasdóttir.

175

13. sept.

## HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Flateyjarhöfn á Breiðafirði.

### I. KAFLI

#### Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Flateyjarhöfn liggur umhverfis Flatey, og takmarkast að vestan af línu, sem hugsast dregin í hásuður, úr vestri enda Klofnings, í aðra línu, sem hugsast dregin um Spilli í Skálanes, og eru það suðurtakmörk hafnarinnar.

Að austan takmarkast höfnin af beinni línu milli Skjaldareyjar og Hrólfskletts, og að norðan af línu úr Hrólfskletti um Sírey í Klofning.

Innri takmörk hafnarinnar er strandlengja eyjarinnar á alla vegu.

### II. KAFLI

#### Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Að nýafstöðnum hreppsnefndarkosningum skal hreppsnefnd Flateyjarhrepps kjósa 3 menn í hafnarnefnd, og jafnmarga til vara. Kjörtímabil hafnarnefndar er hið sama og hreppsnefndar. Hafnarnefnd sér um viðhald og endurbætur hafnarinnar og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Hafnarnefnd annast reikningshald og fjárvörzlu hafnarsjóðs, fyrir hönd hreppsnefndar, enda ber sveitarsjóður ábyrgð á eignum og skuldbindingum sjóðsins.

3. gr.

Til þess að standast kostnað við hafnarmannvirki og árlegan reksturskostnað, skal stofna hafnarsjóð. Í hafnarsjóð renna allar tekjur, sem ákveðnar eru með reglugerð þessari. Við lok hvers rekstursárs skal hafnarnefnd semja reksturs- og efnahagsreikning sjóðsins, og ber henni að hafa fullgert reikninginn ekki síðar en í febrúarlök næsta reikningsár. Reikningar skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og hreppsreikningar.

Fyrir 1. nóvember ár hvert skal hafnarnefnd hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd Flateyjarhrepps frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal síðan fullsemja áætlunina og senda hana samgöngu-